



25. apríl 2023  
Tilv.: 2302144

Dreifibréf nr.: 15/2023

til sjóða um sameiginlega fjárfestingu/sjóðstýringarfélaga og Samtaka fjármála-  
fyrirtækja

*Efni:* Reglur um skýrslugjöf rekstraraðila peningamarkaðssjóða (MMF).

Seðlabanki Íslands hefur gefið út umræðuskjal, nr. 7/2023, sem inniheldur drög að reglum til að innleiða framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2018/708 um skýrslugjöf rekstraraðila peningamarkaðssjóða. Reglurnar verða settar með stoð í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 6/2023 um peningamarkaðssjóði.

Í umræðuskjali nr. 7/2023 er að finna drög að reglum um skýrslugjöf rekstraraðila peningamarkaðssjóða. Með reglunum verður innleidd framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/708 þar sem tilgreint er hvaða sniðmát rekstraraðilum peningamarkaðssjóða ber að nota við skýrslugjöf til lögbærra yfirvalda eins og mælt er fyrir um í 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1131.

Með dreifibréfi þessu gefur fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölin eru birt á vefsíðu Seðlabankans: [Umræðuskjöl | Fjármálaeftirlitið \(fme.is\)](#). Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjöllum berist eigi síðar en 2. maí nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gerð umsagnareyðublöð sem finna má á vefsíðu Seðlabankans, sbr. nánari skýringar í umræðuskjöllum. Umsagnareyðublöð skal senda á netfangið: [skjalasafn@sedlabanki.is](mailto:skjalasafn@sedlabanki.is).

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Gísli Óttarsson  
framkvæmdastjóri  
Varúðareftirlit

Jónas Þór Brynjarsson  
forstöðumaður  
Varúðareftirlit

SEÐLABANKI ÍSLANDS

